Vijsinen.

8 kab.

# „Viljinn"

## Lestrarfélagsblað í Miklabæjarsókn

8. blað

II árgangur

Ökrum 22. feb. 1900

ritst. Gísli Björnsson

# Fáein ord um pöntunina

Þad muni víst ekki allir
gjöra sér vel ljóst hvort þeir
hafi hag eda hve mikinn af
því ad skipta vid Kaupfélagid
en þad er þó mjög naudsyn
legt ad hafa ljósa hugmynd
um þad og þess vegna rædst eg
í ad skrifa nokkur ord því vid
víkjandi, þótt eg efist ekki um
ad sumir kunni ad geta sér þess
til ad eg gjöri þad í eigingjörnum
tilgangi þar ed eg sé deildar-
stjóri og hafi eptir því meiri
laun sem meira sé pantad
og sé þess vegna ad hvetja menn
til þess, en mér er alveg sama
hvad menn halda um þad

en mér er ekki alveg sama um
ad ardberandi félagsskapur fari
um koll fyrir rangar hugmyndir
honum vidvíkjandi.
Þad er hverju ordi sannara ad
sá félagsskapur ~~tutur~~ sem hér rædir
um, hefur á sér marga og stóra
galla, en hann hefur líka marga
og mikla kosti, sem ad mínu
áliti vega meira en gallarnir.
Þad má t. d. telja þad galla
ef hinir erlendu starfsmenn félags
ins eru því ekki vel viljadir en
hugsa meir um sinn eigin hag
og ef ad þeir standa ekki vel í
stödu sinni og gjöra félaginu
erfitt fyrir med ýmsu móti, svo
sem ónákvæmum skipa á öllum um
og marg skiptum væri sendingum
og því um líka, sem mjög átti
sér stad sídast lidid vidskipta ár

og var félaginu til mikils hnekkis og hvergi um einstökum kostnaðarsamt en það er ekki ólíklegt að þetta lagist fljótlega, ef formaður félagsins er nógu stífur og um vöndunar samar við þessa útlendu herra. Aptur á móti má telja félaginu það til gildis að það skaffar manni vörur með miklu betra verði en hér gjörist hjá kaupmönnunum heldur þeim (: kaupm.) í skefjum með vöru verð sitt og selur fyrir oss sama innlenda vöruna með hærra verði en við að líkindum getum fengið annarstaðar fyrir hana svo sem hrossin, en aptur á móti eru sauðirnir í lágu verði og það til muna lægra en hægt er að fá fyrir þá hjá kaupmönnunum og sýnist þó í fljótu bragði, að menn hafi skaða af að verzla með þá í kaup

félaginu, en hvort svo er eða ekki skal eg reyna að sýna seinna þetta lága verð á sauðunum mun þó ekki vera Zöllner eða Vídalín að kenna eins og eg hef heyrt suma geta sér til, heldur skafar það mest megnis frá innflutnings banninu á lifandi fé til Englands og óskapar innflutning af Ástralíu kjöti þangað Smjör hefur félagið aldrei sent út fyr en í sumar og það mátti heita að það seldist vel hefði ekki þessi afskapar kostnaður sem varð á því þrikk svo niður verði þess að það varð óþolandi 16 aura kostnaður á hvert pund er ekkert smá ræði og það versta er að helmingurinn af þeim kostnaði bökuðum vér oss sjálfir með vankunnáttu og óþrifnaði þótt hart sé að segja frá því. Ull hefur félagið selt svipað eins og

hér hefur fengist fyrir hana
og stundum betur svo sem haust-
ullina í ár mig minnir að verð á
henni væri 43 aurar.
Eg er hræddur um að ef að Kaup-
félagið liði undir lok að mörgum
bygði við fá jafn vel þeim sem
mest lasta það, eg er viss um að
þá stigi vörurnar hjá Kaupmönnum
upp til muna og gæti líka skéð
að sú landa varan lækkaði ogn í
verði t. d. hrossin eg sé naumast
hvað við ættum þá að gjöra við
þau; já það væri sagt að þá komu
ein hverjir til að kaupa ennþá og verið
hefði, en það er ekki víst að þeir
gjörðu oss beinst ferð til að kaupa
þau að oss skaðlaust nema ef öll
hin félögin héldu á fram að senda
Zöllner sín, það yrði líklega ofaná
að við mættum eiga þau flest sjálfir
þó þótt Kaupmenn hér keyptu
eitt hvað yrði það aldrei margt, því
danski markaðurinn yrði fljótur að
fyllast af þeim og þegar markaður-
inn fyllist um of er verðið ekki
lengi að lækka.
Mér er líka nær að halda að
Kaupstaðurinn hér yrði alveg bjargar
laus fyrir jól ef ekki væri pantað
neitt af matvöru því vana lega
eru Kaupmenn ekki svo birgir af
henni sem skyldi og eg er viss
um það að fyrsta ár eptir það að
pöntunin félli birðu Kaupmenn
sig valla svo upp með matvöru
sem svaraði því er Kaupfélagið
hefur flutt hingað það er hreint
ekkert smá ræði, eg gæti því trúað
því að ef ekkert væri nú pantað af
matvöru að Kaupmenn yrðu fljótt
matar litlir næsta ár og þar af leið-

andi gæti komid hungurs neid.
Mér er ekki kunnugt hvad mikklar vörur fèlagid hefur yfir pad heila tekid pantad í ár, en ef pad væri nú ad eins 1/12 partur af því þær vörur sem komid hafa í þessa deild þá er pad ógrinni allt en pad er nú líklega meira því þessi deild er med þeim stæðstu og þar af leidandi pantad med þeim mestu
Eg skal nú lofa mönnum ad sjá pad helsta sem þessi deild pantadi af vörum sidast lidid ár eg vona ad sumum þyki pad öngvir smá munir sem allstadar sèu til reidu.
Matvaran er:
67. sekkir Barkabygg hver 125 ꝏ
5. sekkir Flórmjöl —„— 125—„—
35 sekkir Hveitimel —„— 125—„—
22 sekkir Hrisgrjón —„— 200—„—
22. sekkir Rúg hver 100 ꝏ
64. sekkir Rúgmél —„— 100 ꝏ
21. sekkir Salt —„— 100 ꝏ
Vörur þessar gjöra med

| | |
|---|---|
| búdar verd — | 3138,00 |
| Med pöntunar verdi — | 2410.00 |
| Mismunur — | 728,00 |

Eg held ad þessi reikningur sè hèr um bil alveg rèttur eptir því sem mig minnir ad búdar verdid sè og telldi nefnil. hverja tunnu af Barkabyggi á 24. kr hvert pund af Flórmeli 20 au, hvern sekk af Hveiti-meli á 13 kr., hverja tunnu af Hrisgrjónum 30 kr, hverja tunnu af Rúg 17. kr, og hverja tunnu af Rúgméli á 20 kr og salt tunnuna á 6. kr.
Pöntunar verdid er med öllum kostnadi og öllum pokum og hyggja þá nokkrar krónur í þeim.
Nú hefi eg gaman af ad sjá hvern ig töll vörunnar taka sig út og skal eg því setja þær hèr.

Tollvaran er:

| | | | | búðar verð |
|---|---|---|---|---|
| Melis | 1210 á | 0.28 | — — | 338.80 |
| Kandís | 1512 á | 0.32 | — | 483.84 |
| Kaffi | 627 á | 0.65 | — | 407.55 |
| Export | 34 á | 0.50 | — | 17.00 |
| Skjól tóbak | 58 á | 1.60 | — | 92.80 |
| Munntóbak | 55 á | 2.20 | | 121.00 |
| | | | Alls | 1460,99 |

Innkaupsverð á þessum vörum er 660,kr 94 au
Allur Kostnaður 177 kr 63 au
Tollar 241.kr 75 Alls 1080,32

Mismun 380,67

Ekki munar nú sérlítið á vöru verðinu 1008,67 kr er ekker sína verð sem manni geti staðið á sama um hvorju megin er það er þó margt ótalið en sem pantað var af ýmsu tagi og get eg hugsað að tölu verður verð munur sé á því og sam sorta vöru í búðinni. Eg skal nú

að eins betra við stöku sort svo sem. Kreolín af því var pantað 9 gallon

| | | pöntun arverð | | búðar verð |
|---|---|---|---|---|
| Þau 9 gall | | 21.11 | | 36,00 |
| Grænsápa | 175 á — | 31.35 | — | 52,50 |
| Rúsínur | 75 á — | 18.88 | — | 30.00 |
| Hörkur tvist | 60 á — | 43.39 | — | 72,00 |
| | Alls | 114,73 | — | 190.50 |

Þarna munar þá um 75 kr 77 au og er þá summan alls orðin 1184 kr 44 au. Það getur vel verið að eg hafi talið búðar verðið á þessu síðasta heldur hátt, eg reiknaði gallonið á 4 kr. sápu pundið á 30 au rúsínu pundið á 40 au og tvisk pund á 1.20. en eg veit til að það hefur oft verið þetta og stundum meira. Eg álít að allir geti nú séð að vöru verð í félaginu er til muna lægra en það er hjá okkar góðu Kaupmönnunum og að mér sé

því óhætt að hætta þessum samanburði. Eg held það væri gott að lofa ykkur að heyra hve reikningar deildar vorrar stigur hátt, hvað við höfum tekið út á margar krónur og hvað lagt inn upp á margar krónur hjá kaupfélaginu. Útektin hljóðar þannig:

Vörur fyrir 2837 kr 97 au
Kostnaður 25% 709 kr 49 au
Tollar — 241 kr 75 au
Peningar í vor 440 kr 00 au

Innlagt
61 hross á 3297 kr 65 au
106 sauðir á 1179 kr 14 au
172 ℔ smjör 87 kr 72 au

Mismunurinn var borgaður með peningum en prosenta af þeim var 3% en af peningum í vor 5%. Þetta eru fallegar upphæðir enda eru þær nú með lang hæðsta móti.

Það er nú gefinn hlutur að það er hagur að því að panta vörurnar ef maður fær eins mikið fyrir sína vöru hjá félaginu eins og hjá kaupmönnunum, en nú vill það ekki verða t. d. með sauðina það er enginn efi á að þeir gjöra meira að leggja þá inn í kaupstaðinn heldur en að senda þá lifandi til Englands en hvort sá skaði munar meir eða minn en það sem maður vinnur á vörunni væri því rétt að athuga. Það var einn bóndi hér í deildinni sem einungis pantaði upp á sauði 16 að tölu, það var Gunnar á Ulfsst. Eg skal nú að geta hvað hann hefur fengið til jafnaðar fyrir hvern sauð þegar varan sem hann fekk fyrir þá er reiknuð með búðarverði

Gunnar pantaði:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 600 ℔ | Rúgmél á 0.10 búðarverð | — | 60.00 |
| 250 ℔ | Hveitimél á 0.13 | — | 32.50 |
| 250 ℔ | Bankabygg á 0.12 | — | 30.00 |
| 200 ℔ | Hrísgrjón á 0.15 | — | 30.00 |
| 200 ℔ | Salt á 0.03 | — | 6.00 |
| 20 ℔ | Kaffi á 0.65 | — | 13.00 |
| 36 ℔ | Kandís á 0.32 | — | 11.52 |
| 30 ℔ | Melís á 0.28 | — | 8.40 |
| 6 ℔ | Munntóbak 2.20 | — | 13.20 |
| 1000 | hóffjaðrir | — | 5.00 |
| | | Alls | 209,62 |

Peninga að frádregnum 3% 19,17
með því að kaupa fyrir þá vörur
vaxa þeir um 10% og er það 1.90

Alls fær hann fyrir 16 sauði 230,69
eða að meðaltali fyrir hvern sauð 14 kr 42
Rekstrargjaldið fyrir sauðina 4.32 er vel
látið upp í það fyrir hafa sem leiðir af
því að slátra og leggja fé inn í Kaupstað
Mér er nú nær að halda að fólk sauðir
Gunnars væru vænir að þeir hefðu ekki

gjört meir en 12—13 kr með því að leggja
þá inn í Kaupstað og svona að meðal
tali fyrir 2ja vetra sauði myndi flestum
þykja það góð sala ef þeir gætu selt
þá á fæti fyrir 12 kr. Eg álít því
að Gunnar hafi grætt 1-2 kr á
hverjum sauð með því að panta uppá
þá vörur hjá Kaupfélaginu

Nú ætla eg að taka annað dæmi
Prestur inn á Miklabæ lét þaðan fola
5 vetra til félagsins og var verð á honum
75 kr 19 au, nú fékk hann vörur fyrir
hann með pöntunarverði — búðarverði

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 200 ℔ | Hrísgrjón | 22,50 | — | 30.00 |
| 125 ℔ | Fínmél | 14,38 | — | 25,00 |
| 100 ℔ | Melís — | 21.60 | — | 28,00 |
| 8 ℔ | [illegible] | 5.70 | — | 9,60 |
| 20 ℔ | Kaffi | 10.75 | — | 13,00 |
| | Alls | 74,93 | | 105,60 |

Allt svo hefði hann þurft að fá 105 kr
60 au fyrir folann hjá Kaupmanninum
til þess að verða skaðlaus af að láta hann panta

Karl í Miðhúsum pantadi fyrir 3ja vetra hryssu eineita og vard hún í 7. fl. og gekk á 46 kr 29 au hann fekk þessar vörur 125 ℔ fl. rúgmel 125 ℔ bankab. 100 ℔ rúg og 25 ℔ rúsínur og gjöra þessar vörur med búdarverdi med þeir ad reikna pokann utan um rúgenn á 1,00 59 kr 50 au svo fekk hann í peningum 5 kr 30 au þegar búid var ad draga þar frá 3% svo þad er óhætt ad segja ad hann hafi fengid 65 kr fyrir þrévett mertrippi, þad þætti vel borgad ef Kaupmenn gæfu þad fyrir. Svona má sýna ótal dæmi en eg nenni ekki ad telja upp fleiri nema eg skal geta þess ad Árni á Oftrum segir mér ad folinn sem eg fekk hjá honum og borgadi med 75 kr í pöntunar reikning hans hafi gjört 100 kr og 3 saudir sem hann lét hafi hver gjört 13 kr þegar hann hafi



reiknad vörurnar sem hann fekk med búdarverdi, og voru saudirnir svo léttir ad þeir rétt nádu vigt inni eda 100 pundum

Eg þykist nú hafa sýnt fram á med ljósum dæmum, ad þad er stór hagur ad skipta vid Kaupfélagid í samanburdi vid ad versla vid Kaupmenn, einkum er ágætt ad panta upp á hross og þad er aufsád engin skadi ad panta upp á saudi þó þad sé mikid lakara heldur en med hrossin, smjör og einkum ull er einnig hagur ad láta til félagsins og yfir höfud ad tala allar þær vörur er seljast eins vel hjá félaginu eins og Kaupmönnum þad er mikill hagur þó hann sé ekki inni falinn í ödru en verdinu á útlendu vörunni.

Eg ætla mér ekki ad fara ad hvetja menn til ad halda áfram vidskiptum sínum vid Kaupfélagid því eg vona ad flestir sjái þad, ad sá félagsskapur má eins og nú stendur illa lída undir lok og þar af leidandi sjálfviljugir haldi honum áfram þó ekki verdi nema í litlum stýl.
Þad er ekki heldur vid búid ad menn geti haft stórkostlega verslun vid félagid því margan vantar þær vörur sem hægast er ad láta af hendi svo sem sandi og þótt hrossin séu mörg yfir þad heila tekid eru þad ekki nærri allir sem eiga þau á þeim aldri sem heppi legastur er fyrir pöntunina. Samt er þad nú ekki ólíklegt ad Akradeild geti látid til félagsins svo sem 60–70 trippi á næstkomandi sumri ef viljann vantadi ekki;

og þad er enginn meining í því ad hugsa sér ad hann vanti í þeim efnum, þar sem þad er öllum ljóst sem nokkud athuga þad, ad menn selja kaupmönnum hrossin sín, sér bara í skada í saman burdi vid ad láta þau til félagsins og sýnir dæmid af Midhúsa trippinu þad best. En þad er eins og sumum finnist þad sjálfsagt og ekki nema edli legt þó ad kaupmadurinn snudi þá meira og minna á hverju ári og þeir bera mikla virdingu fyrir honum og sýna honum ótakmarkada lotningu jafn vel taka ofan húfuna sína ef þeir sjá kaupmanninn þótt þad sé í mílu fjarlægd, en þá sem eitthvad eru vidriðir vid kaup félagid er þeim aptur á móti mjög illa vid halda ad þeir dragi svo og

svo mikið undir sig og óska þess
að ein hver vildi skjóta þá (og hefi
sjálfur keypt einn óska þess um frá Vídalín
þaa og held að sé nú nóg komið
af svo góðu og mun hvers sem er
fá litlar þakkir hjá allflestum
fyrir þetta og eg efast ekki um að
sumum muni finnast þessi ritgjörð
bæði lítil leg og ill ein og flest annað
sem „Viljinn„ hefur flutt í vetur og
ég þá skilt með það og verð að skrifa
í mínum anda, án nokkurs til
lits til þess að þeim sem hafa fengið
stóra innlökku af so kölludum Bavíns
anda líkar það miður, mín skoðun
og sú skoðun eru svo ólíkar að
þær geta hreint ekki orðið sam
ferða á lífsleiðinni allra síst í
„Viljanum„.

# Fjárskoðanir

Það er nú orðið að lögum
að fjárskoðanir skuli fram fara
á hverjum vetri, í þessum skoð
unum á víst að vera innifalið
heyásetningar kynferði, hirðing
og meðferð og hún á víst að
stemma stigu fyrir hinum
alkunna og illræmda horfelli.
Til gangurinn er því fagur
og góður ef að þetta gæti komið
að tilætludum notum, en það
verður svo, að þeir agnúar sem
á þessum skoðunum, að þær
geti ekki náð til gangi sínum.
Það er margt sem mælir bæði
með þeim og móti og því ekki
gott að segja hvort þær eiga
að leggjast alveg niður eða ekki.

Þad virdist nú svo, sem ad ekki
veitti af ad leidbeina mönnum
bædi med heyásetning hirdingu
kynferdi fjársins og fl. Þad kemur
ekki svo sjaldan fyrir ad menn
verda heylitlir og jafn vel hey
lausir á vorin og veitti því ekki
af ad fá áminningu um ad setja
betur á framvegis. Einnig er med
ferd fjárins og hirding engan veginn
í svo gódu lagi, ad hún þyrfti
ekki endurbótar vid, og því ad
segja þad, ad þeir eru nokkrir
til enn, sem eru vel ánægdir
med medferd sína, ef skepnurnar
ad eins draga lífid horsvegna, já
og þeir munu vera til sem ekki
verda hissa á því þótt ein eda
tvær hrökkvi upp af. Þad sýnist
því engin van þörf á því ad

áminna þessa pilta um ad fara
aga betur med fé sitt en þeir
gjöra. Þá er kynferdid, og held
þad sé óhætt ad segja þad, ad hjá
sumum sé þad eymdar kyn og
ad margir sem þeir sem lítid hugsa
um ad bæta kynferdi fjárs síns
þeir hafa þad eins og madur nú
sagdi, ad sér væri sama hvernig
hrúturinn væri sem hann brúkadi
til ánna sinna, bara ef hann
gæti ridid þeim. Já þad er hörm
ung ad sjá féd hjá sumum mönn
um hvad þad er lítid og ljótt
og er þad bein afleiding af slæmri
medferd og óvöndudu kyni. Þad veitti
því ekki af skadunar menn benti
mönnum ræki lega á þad, hvad
illt þeir hefdu af því ad hirda
ekki betur um ad bæta fjárkyn

sitt. Eg get nú ekki verið að fara lengja út í þetta efni, því það kemur ekki beint skaðanum við, nema að því leyti að skaðunar menn ættu að brýna öll þessi atriði sem best fyrir mönnum og leiðbeina þeim í þeim sökum og í því eru kostir fjárskaðanna inni faldir og þær koma aldrei að tilætluðum notum fyr en þetta er gjört rækilega;

Ókostirnir eru mest inni faldir í því, að fjár skaðanirnar baka sveitafélögunum talsverðann peningalegann kostnað og ef að sá kostnaður borgar sig ekki eru fjárskaðanirnar verri en ekkert því til hvers er að kosta miklu fé til þess sem engann ávöxt ber

Eg segi það ekki eða eng inn má taka orð mín svo, að þær fjár skaðanir sem fram hafa farið, hafi alveg verið gagnslausar, en eg ímynda mér að fjár skaðanin t.d. í fyrra vetur hafi hreint ekki svarað kostnaði og að hún eptir leitt hafi verið að litlu gagni, eða eg gat ekki séð annað, en að allt sæti við það sama eptir sem áður, mér fanns jafnvel að skaðunar menn vera mjög reykandi í starfi sínu og að þær væru ekki sem vissastir með að áætla hey birgðir ~~fyr~~ hjá mönnum, enda mun það hafa komið fyrir að sumir þeir hafi orðið heylausir í vor. sem þeir álitu vel birga þegar þeir skoðuðu, en það var nú ekki vel að marka þar eð tíðin var óvana

stirð og eg vand ekki var við að
þeir vönduðu mikið um við menn
~~menn~~ hvað hirðing, meðferð og
kynferði fjárins snerti. Menn
þessi munu þá að margra áliti
hafa verið vel valdir, og er ekkert
á móti því að þeir hafi verið það
og jafn vel að ekki hafi verið kostur
á aðrum betri. Starfið er að
mínu áliti mjög vanda samt og
ógjarnan vildi eg taka þann starfa
að mér því eg finn vel að eg væri
ekki fær til þess. Það er mikill
vandi að ákveða t.d. heymagn
í toptum og fulgum þar sem allt
er orðið sundur grafið og stabbarnir
og stikkin standa á við og dreif
út um alla staðuna, það tekur
líka langann tíma að mæla það

allt út, en án mælingar og reikn-
ings listar er ómögu legt að segja
um heymagnið, en það er minni
vandi að sjá hvort vel eða illa er
hirt og eins hvort vel eða illa er
farið með skepnurnar, en aptur
er vandi að segja um fjár kynið
eða að minnsta kosti verða þeir
að hafa vit á því, sem alla sér
að dæma um það. Starfið er því
eins og eg hefi áður sagt vanda
samt og ekki allra meðfæri og
þar ed hreppsnefndinni er falið á
hendur að velja skoðunar menn
vil eg benda því að henni að það
veitir ekki af, að hún sé vönd
í valinu og að hún má ekki álíta
að menn úr hennar flokki séu
allra hæfastir til þess, því eg

hygg ad skadunar menn þurfi ad
vera ágætir fjármenn, en mitt álit
er ad hreppsnefndin sé ekki eingöngu
skipud svo leidis mönnum, eda ad
minnsta kosti meigi finna ada eins.
En ef nefndin álítur sama hvernig
mennirnir eru og hvort þeir hafi
gott vit á því eda ekki, ætti hún
ad velja til þess einhverja fátæklinga
sem á þennan hátt gætu inn-
unnid sér peninga um hardasta
tíma ársins. Yfir höfud ad tala
þarf nefndin ad hafa þad hugfast
ad eyda sem minnstu fé til þessara
fjárskodana; skyldi nú ekki
nægja ad láta adeins einn mann
fara um hreppinn til ad skoda
og ad honum sé audvitad goldid
kaup fyrir þad, en svo ad fá menn

~~Til~~ til ad vera med honum yfir
svedi og svedi, sem gjördi þad fyrir
ekki neitt, en þad væri þó nokkur
munur á því, ad þurfa ekki ad
launa nema einn mann, í stadin
fyrir tvo, audvitad væri best ef hægt
væri ad skodunin væri gjörd fyrir
ekkert, en þess væri víst enginn
kostur, ef sami madurinn ætti ad fara
um mest allann hreppinn, sem eg
álít naudsynlegt, eda óhjákvæmilegt
ef einkunnir eiga ad gefast fyrir
ýmislegt skepnunum vidvíkjandi
því þad verdur ekkert vit úr því
eda neitt samræmi í því ef ad margir
menn ætla ad gjöra þad, eins og yrdi
ef hreppnum væri skipt nidur
í smá umdæmi; mér finnst því

ekki um annad ad gjöra en ad láta
sama manninn skoda alstadar, ef
nokkurt lag eda nokkur mynd á ad
verda á skoduninni.

Eg ætla nú ekki ad rita meira
um þetta mál ad sinni, en mér
finndist þad vel til fallid ad fleiri
tækju sér penna í hönd og rituðu
alt hvad þessu viðvíkjandi, því eg
skil ekki í því ad öllum þykji þvi
fé vel varid, sem gengur til þess ad
gjalda tveimur skodunar mönnum
ekki sést á medan skodanirnar eru
ekki full komnari en skodunin var
í fyrra vetur, því þad er lítt af
fé er eitt af ásettu ráði til
~~...~~s. ekki neins eda því sem
nær, en mitt álit er, ad fjárskodanir
gæti verid gagnlegar og til framfara.

Bakkus (gamanvísur)

Nú er Bakkus brádum dauður,
bragnar margir syrgja hann,
í orustum, var aldrei blauður,
ávalt frægann sigur vann.
Þegar hann var á unga aldri
öllum mönnum var þá kær
og á grundu – Jása kaldri
elskaði hann sér hver mær.
Gladdi hjörtu, guma og svanna,
grœddi mein, og bætti sár,
í dimmu og björtu, djásnid sanna
dróg úr raun, og þerdi tár.
En er því af daku skeidi,
ógn nam þverra máttur hans;
upp þá lendrast ýta reidi,
og á hans frægd vill gjöra stans.
Að nam sækja firda flokkur,
frekt og vildi deyða hann;
en óvígfimari var ei nokkur,
verjast lengi frægur kann.

Enginn má við magnum standa,
meðin einatt sigra hann.
eitt hvað verður öllum granda,
ódauðlegur var ei hann.
Uppreisnar menn illt ei spörðu
á allar hliðar sóttu að,
kappinn frægi fell að jörðu
flatur, svona gengur það.

Ekki samt er alveg dáinn,
en það skulið vita þið,
bindindis menn borða náinn
Bakkus þegar skilur við.
Brögðum einatt beitta meira
Bakkus gamli, sér í vil.
mútu fé og margt á fleira,
má þeim reikna að synda til.
Hann var karlinn, höfðing lyndur
haldin orður, lista mann,
af ágirndinni, aldrei blindur,
ör látur, við fá tek ann.